


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	<b>Valið lokaverkefni VLV-103</b>	
Síða 1 af 2		

<b>Nafn kennara:</b>	<b>Karl Hjartarson, Davíð Ingi Guðmundsson, Þórhallur Ragnarsson, Gunnar Frímansson.</b>	<b>Sk.stöfun:</b>	<b>KHJ,ÞHR,DIG, GUF.</b>
----------------------	--	-------------------	--------------------------

### Áfangalýsing


Í þessum áfanga vinna nemendur lokaverkefni þar sem þeir nýta þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í hinum ýmsu þáttum námsins. Nemendur velja verkefni í samvinnu við kennara í upphafi annar og gera þvínæst verk- og kostnaðaráætlanir og önnur gögn er verkið varða. Æskilegt er að verkefni tengist atvinnulífinu og sé unnið í samstarfi við fyrirtæki en það getur einnig verið hreint skólaverkefni sem tengist vinnu nemenda í öðrum áföngum. Í upphafi áfanga er mikilvægt að nemendur fái sameiginlega kynningu á aðferðafræði verkefnavinnunnar og þeim kröfum sem skólinn gerir varðandi gæði verkefna, faglega breidd og dýpt, umfang, efnistöð, framsetningu, frágang. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni ýmist einir sér eða tveir saman að lokaverkefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð nemenda en nauðsynlegt er að þeir hafi aðgang að kennurum og e.t.v. einnig aðilum í atvinnulífinu sem gætu veitt leiðsögn í verkefnavinnunni. Í lok áfangans leggja nemendur fram verkefni sín og kynna þau innan skólans.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki til vinnubragða við undirbúning og framkvæmd sjálfstæðrar verkefnavinnu
- geti skilgreint viðfangsefni, sett sér markmið og gert verk- og kostnaðaráætlanir
- geti gert vinnulýsingu og vinnuteikningar
- geti útfært og unnið eftir verkáætlun, vinnulýsingu, teikningum o.s.frv.
- geti valið efni, búnað og aðferðir við hæfi
- geti framkvæmt viðeigandi prófanir og mælingar vegna verkefnisins
- kunni skil á öryggis og reglugerðarákvæðum sem verkið varða
- geti aflað sér viðeigandi upplýsinga og nýtt sér leiðsögn og ráðgjöf annarra
- geti skrifað greinargóða skýrslu um verkefni
- geti gert öðrum grein fyrir verkefni sínu, kynnt það og útskýrt einstaka þætti þess

Námsmat	Lýsing	Vægi	
Skriflegt	Vinnudagbók	25%	
	Lokaverkefni (skýrsla, ritgerð)	35%	
Verklegt	Loka-afurð (tæki eða búnaður)	40%	

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Valið lokaverkefni VLV-103</b>	

Vika	Lokaverkefni	Verkefni
34.vika	-	
35.vika	Kynning á áfanganum og vinnutilhögun	
36.vika	Nemendur tilkynna verkefni og fá leiðbeinanda í verkefnið	
37.vika	Verkefnavinna	
38.vika	Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna.	
39.vika	Verkefnavinna	
40.vika	Verkefnavinna	
41.vika	Verkefnavinna	
42.vika	Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna.	
43.vika	Verkefnavinna	
44.vika	Verkefnavinna	
45.vika	Verkefnavinna	
46.vika	Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna.	
47.vika	Verkefnavinna	
48.vika	Kynning lokaverkefna og skil.	

**Dagsetning:**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils